

Þriðjudaginn 12. mars 1985.

Nr. 240/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ingimagn Eiríkssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn áfengislögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu er áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 1. október 1984. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. janúar 1985.

Í héraðsdómi segir frá því, að tveir lögreglumenn hafi veitt ákærða eftirför að húsi í vesturbænum í Reykjavík 20. mars 1983. Þar fór ákærði inn og lögreglumennirnir á eftir honum. Fundu þeir áfengisflösku, sem þeir töldu ákærða hafa komið með.

Annar lögreglumannanna er nú látinn. Hinn, vitnið Helgi Skúla-son, hefur komið fyrir dóm ásamt ákærða og húsráðanda, þar sem áfengisflaskan fannst, Steingrími Oddssyni.

Með leit sinni og skýrslutöku öfluðu lögreglumennirnir gagna, sem ákæra var byggð á. Fyrir dómi voru skýrslur ákærða og Steingríms Oddssonar um sumt óljósar og ósennilegar. Engu að síður liggur fyrir, að ákærði hefur ekki gengist við verknaði þeim, sem hann er ákærður fyrir, og að skýrslur Steingríms eru óglöggar. Eins og á stendur í máli þessu, duga gögn, sem ákærvald byggir á, ekki til sakfellingar, og ber að sýkna ákærða.

Sakarkostnað allan ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin máls-varnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 17.000,00 krónur fyrir báðum dómum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingimagn Eiríksson, á að vera sýkn af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin

málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 17.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja. Ég tel og, að dæma beri ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. ágúst 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 7. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 391/1984: Ákærvaldið gegn Ingimagn Eiríkssyni, sem tekið var til dóms 12. júlí 1984.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 19. janúar 1984, gegn ákærða, Ingimagn Eiríkssyni leigubifreiðastjóra, Meistaravöllum 7, Reykjavík, fæddum þar í borg 30. júlí 1914, „fyrir tilraun til áfengis-sölu, með því að hafa sunnudaginn 20. mars 1983 um kl. 18:00 ekið leigubifreiðinni R-618 frá Borgarbilastöðinni að Sörlaskjóli 38 í Reykjavík í því skyni að selja þar Steingrími Oddssyni eina flösku af brennivíni, sem ákærði hafði meðferðis í bifreiðinni og Steingrímur hafði óskað eftir. Er ákærði steig út úr bifreiðinni, sá hann til ferða lögreglumanna, sem veitt höfðu honum eftirför, og hraðaði hann sér inn í húsið með flöskuna innan-klæða. Skömmu síðar fundu lögreglumennirnir flöskuna í eldhússkáp í húsinu, en þar hafði ákærða gefist ráðrúm til að setja hana áður en lögreglumennirnir komust inn.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 33. gr., áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á einni flösku af brennivíni samkvæmt 34. gr. áfengislaganna.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Þann 20. mars 1983, um kl. 17:55, veittu lögreglumennirnir Helgi Skúla-

son og Benedikt heitinn Benediktsson, er voru á eftirlitsferð, athygli leigubifreiðinni R-618, er var ekið frá porti Borgarbilastöðvarinnar við Tryggvagötu. Lögreglumennirnir veittu bifreiðinni eftirför um ýmsar götur, uns aksturinn var stöðvaður við hús nr. 38 við Sörlaskjól. Bifreiðastjóri, Ingimagn Eiríksson, ákærði í máli þessu, sté út úr bifreiðinni og hljóp upp tröppur að húsinu og fór inn. Lögreglumennirnir kölluðu á eftir ákærða án árangurs. Í frumskýrslu kemur fram, að ákærði hafi haldið annarri hendinni að líkamanum, eins og hann bæri eitthvað innanklæða, en hin höndin hafi sveiflast laus frá líkamanum.

Lögreglumennirnir hringdu dyrabjöllu og var hleypt inn af húsráðanda, Steingrími Oddssyni, eftir að þeir höfðu sýnt lögregluskilríki. Er lögreglumennirnir komu inn í íbúðina, vísaði Steingrímur þeim inn í eldhús, en þar sat Ingimagn við eldhúsborð ásamt eiginkonu Steingríms, Laufeyju Ásu Ingjaldsdóttur. Lögreglumenn sýndu ákærða skilríki, og báðu hann um að koma út í lögreglubifreið. Ákærði gerði það, og gætti Hákon Sigurjónsson lögreglumaður hans, á meðan lögreglumennirnir Benedikt Benediktsson og Helgi Skúlason ræddu við húsráðendur.

Vitnið Steingrímur Oddsson var spurður af lögreglu, hvort ákærði hefði komið með áfengi, og neitaði hann því. Lögreglumennirnir báðu þá um leyfi til að leita og fundu þá eina flösku af íslensku brennivíni í skáp í eldhúsinu. Steingrímur hafði áður sagt, að ekkert áfengi væri til á heimilinu, en er flaskan fannst, þá kvaðst hann hafa keypt hana á föstudeginum.

Í frumskýrslu kemur fram, að Laufey hafi farið inn í stofu og rætt við Benedikt Benediktsson og hafi Steingrímur og Helgi Skúlason verið í eldhúsinu á meðan. Er þau hafi komið fram, hafi Laufey sagt við Steingrím, að hún hefði sagt Benedikt sannleikann um, að Ingimagn Eiríksson hefði komið með áfengisflösku, sem þau hafi ætlað að kaupa af honum, og kvað Steingrímur það rétt vera og hefði hann sagt ósatt í upphafi til að firra Ingimagn óþægindum. Að því loknu fór Steingrímur inn í stofu með Benedikt, þar sem hann tók af honum skýrslu. Vitnið Laufey Ása Ingjaldsdóttir tjáði Helga þá, að Steingrímur hefði hringt í Ingimagn í því skyni að kaupa af honum áfengi, sem hann hafi síðan komið með á heimilið. Vitnið Steingrímur Oddsson, tjáði Helga að þau hjónin hefði langað að fá sér í glas, en þau hafi ekkert áfengi átt og það því hringt í Ingimagn og hagað orðum sínum þannig, að Ingimagn skildi, að það vildi kaupa af honum áfengi. Steingrímur spurði lögregluna, hvort „Ingi“ slyppi ekki létt frá máli þessu, þar sem hann hefði eigi náð að selja þeim áfengisflöskuna.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglunni í Reykjavík þann 20. mars 1983. Ákærði kvaðst hafa verið í vinnu fram til kl. 18:00 og á leið heim hafi hann ákveðið að koma við hjá kunningjafólki, Steingrími Oddssyni og konu hans. Ákærði kvað heimsóknina ekki hafa verið fyrirfram ákveðna

og hafi hann ekki rætt við þau áður. Ákærði kvaðst ekki hafa veitt því athygli, að honum væri veitt eftirför, og ekki hafa heyrt, að kallað væri til sín, er hann hljóp frá bifreiðinni að húsinu nr. 38 við Sörlaskjól. Ákærði kvaðst hafa farið beint inn í eldhús og sest hjá konunni og eigi orðið var við, að hringt væri á dyrabjöllu eða barið að dyrum. Ákærði kvað tvo menn hins vegar hafa komið inn, skömmu eftir að hann var sestur. Ákærði kvaðst að beiðni þeirra hafa farið út í bifreið með þeim og hafi annar þeirra þá sýnt honum lögregluskilríki.

Ákærði neitaði hjá lögreglu að hafa haft áfengisflösku meðferðis, er hann kom að Sörlaskjól 38 þann 20.03.1983, og neitaði með öllu að hafa ætlað að selja þar áfengi.

Framburður vitnanna Steingríms og Laufeyjar, er fram kemur í frumskýrslu lögreglunnar, er samhljóða framburði í skýrslu, er þau gáfu hjá lögreglunni á heimili sínu þann 20.03.1983 milli kl. 18:00 og 19:00.

Vitnið Steingrímur gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík að kvöldi 20.03.1983. Það kvaðst hafa hringt í Ingimagn Eiríksson og beðið hann að koma að heimili sínu. Vitnið kvað það hafa verið óskhyggju hjá sér, að ákærði kæmi með áfengisflösku með sér. Vitnið kvað Ingimagn hafa komið stuttu síðar og asi verið á honum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, hvort Ingimagn var með áfengisflösku með sér. Vitnið kvaðst síðar hafa séð eina flösku af íslensku brennivíni í eldhússkáp og hafi Ingimagn að öllum líkindum komið með hana, því ekkert áfengi hafi verið þar fyrir.

Vitnið Steingrímur gaf enn á ný skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 30.03.1983. Vitnið bar á sama veg og í skýrslum þann 20.03.1983, þ.e. að það hafi hringt rétt fyrir kl. 18:00 þann 20.03.1983 á Borgarbílastöðina og beðið um samband við Ingimagn og beðið hann um að koma. Vitnið kvaðst ekki hafa beðið Ingimagn um að koma með áfengisflösku, en það hafi hagað orðum sínum þannig, að Ingimagn hafi skilið, að Steingrímur vildi kaupa af honum áfengi. Vitnið bar, að það hafi séð er Ingimagn kom að húsinu, og hafi hleypt honum inn. Lögreglan hafi komið á hæla honum og hann hleypt henni inn. Vitnið kvaðst hafa sagt lögreglunni, hvar Ingimagn væri, þar sem asi hafi verið á Ingimagn, hafi það talið, að lögreglan væri á eftir honum. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa séð Ingimagn koma með áfengisflösku, en síðar séð, er áfengisflaska fannst í eldhússkáp, og kona þess sagt því, að Ingimagn hefði komið með hana.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, sektargreiðslu og upptöku á einni flösku af brennivíni, þann 13. janúar sl., en hann hafnaði því boði á þeirri forsendu, að hann hefði ekki framið brot það, er hann var kærður fyrir, og vísaði til skýrslu sinnar hjá lögreglu.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins þann 14. febrúar sl. Ákærði mótmælti ákærinni, og kvað hana ranga. Ákærði skýrði frá at-

burðum á sama hátt og í skýrslu sinni hjá lögreglu þann 20. mars 1983 og staðfesti hana.

Vitnið Steingrímur Oddsson kom fyrir dóm þann 30. mars sl. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa óskað eftir, að ákærði kæmi með áfengi á heimili þess þann 20. mars 1983. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að ákærði hefði komið með áfengi á heimili vitnisins umrætt sinn.

Vitninu var sýnd skýrsla, er það gaf á heimili sínu þann 20. mars 1983, þar sem það kveðst hafa hringt í Ingimagn á Borgarbílastöðina og beðið hann að koma og hafi Ingimagn komið stuttu síðar með eina flösku af íslensku brennivíni. Vitnið kvað efni skýrslunnar rangt, en staðfesti, að undirskriftin væri þess.

Vitninu var sýnd skýrsla, er það gaf hjá lögreglu að kvöldi 20. mars 1983. Vitnið kvað efni skýrslunnar að hluta til rétt, þ.e. það hafi verið óskhyggja hjá sér, að ákærði kæmi með áfengisflösku með sér. Vitnið kvað í skýrslu sinni hjá lögreglu, að ekkert áfengi hefði verið til á heimilinu, en síðar hafi fundist þar ein flaska af brennivíni og hafi ákærði að öllum líkindum komið með hana. Vitnið bar hins vegar fyrir dómi, að það kynni að vera rétt, að áfengisflaska hafi fundist í eldhússkáp, en hvort Ingimagn hafi komið með hana eða ekki, kvaðst vitnið eigi vita um.

Vitnið Helgi Skúlason lögreglumaður kom fyrir dóm þann 30. mars sl. Vitnið staðfesti, að efni skýrslna frá 20. mars 1983 og 30. mars 1983 væri rétt og undirskriftin þess. Vitnið bar á sama veg og í frumskýrslu, er það vann í málinu frá 20. mars 1983. Vitnið kvaðst ásamt Benedikt heitnum Benediktssyni lögreglumanni hafa veitt leigubifreiðinni R-618 eftirför frá Tryggvagötu um ýmsar götur, uns aksturinn var stöðvaður í Sörlaskjólí við hús nr. 38. Vitnið kvað ökumann hafa hlaupið upp að húsinu og farið inn og þeir hafi kallað á eftir honum og beðið hann um að stöðva, en hann eigi sinnt því. Vitnið kvað þá hafa farið á eftir manningnum og húsráðandi opnað fyrir þeim. Vitnið kvað ákærða hafa setið við eldhúsbord, en blaut spor legið að skáp innar í eldhúsinu, er var sökkullaus, og hafi neðri hluti áfengisflösku blasað við. Húsráðendur hafi verið spurðir, hvort áfengi væri til á heimilinu, og hafi þeir svarað því neitandi í fyrstu. Vitnið kvað þá hafa spurt, hvort þeir mættu leita að áfengi, og þeir þá fundið eina flösku af áfengi í skáp þeim, er að ofan greinir. Vitnið kvað þá hafa tekið skýrslu af hjónunum og hafi þau borið á sama veg. Vitnin hafi greint frá því, að Steingrímur hafi hringt á Borgarbílastöðina og falast eftir því við Ingimagn Eiríksson, að hann kæmi með eina flösku af brennivíni.

Vitnið Laufey Ása Ingjaldsdóttir treysti sér eigi til að koma fyrir dóm og gefa skýrslu vegna veikinda, og liggur læknisvottorð hennar frammi í málinu.

Niðurstöður:

Þegar litið er á framburði vitna, verður að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi komið með eina flösku af brennivíni að Sörlaskjólí 38 í því skyni að selja hana húsráðendum, en þar sem lögreglumenn komu inn á heimilið á hæla ákærða, hafði honum aðeins unnist ráðrúm til að láta frá sér flöskuna, en hafði eigi fengið greiðslu fyrir hana.

Framburður hjónanna Steingríms Oddssonar og Laufeyjar Ásu Ingjaldsdóttur hjá lögreglu er samhljóða, og bera þau bæði, að Steingrímur hafi hringt á Borgarbílastöðina og talað við Ingimagn, ákærða í máli þessu, og farið þess á leit við hann, að hann kæmi á heimilið og seldi þeim eina flösku af brennivíni. Vitnið Steingrímur kom fyrir dóm og breytti þá framburði þeim, er það hafði gefið í skýrslu hjá lögreglunni þann 20. mars og 30. mars 1983. Vitnið Laufey Ása Ingjaldsdóttir kom eigi fyrir dóminn vegna veikinda.

Vitnið Helgi Skúlason lögreglumaður kom fyrir dóm og bar á sama veg og í skýrslum hjá lögreglu. Vitnið kvað þá hafa veitt leigubifreiðinni R-618 athygli í Tryggvagötu og elt hana að Sörlaskjólí 38. Vitnið kvað húsráðendur þar hafa borið, að ekkert áfengi væri til á heimilinu. Lögreglumennirnir hefðu fengið leyfi til að leita og fundið eina áfengisflösku í eldhússkáp. Húsráðendur hefðu síðar viðurkennt, að Ingimagn, ákærði í máli þessu, hafi komið með áfengisflöskuna þá stuttu áður, í því skyni að selja þeim hana.

Þegar allt framanritað er virt, verður að telja sannað í málinu þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi komið að Sörlaskjólí nr. 38 þann 20.03. 1983 með eina flösku af brennivíni í því skyni að selja hana húsráðendum. Varðar þetta atferli hans við 18., sbr. 33. gr. áfengisлага nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 30.12. 1983, hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

— — —

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 33. gr. laga nr. 82, 1969 sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, sbr. 20. gr. laga nr. 19, 1940, og þykir hún hæfilega ákveðin 4.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs. Vararefsing ákveðst varðhald í 5 daga.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 34. gr. laga nr. 82, 1969, skal ákærði sæta upptöku á einni flösku af brennivíni til ríkissjóðs.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar, krónur 7.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingimagn Eiríksson, greiði krónur 4.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 5 daga.

Ákærði sæti upptöku á einni flösku af brennivíni til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, krónur 7.000, til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudaginn 12. mars 1985.

Nr. 241/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Benediktssyni

(Jóhann H. Nielsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 20. september 1984. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. janúar 1985.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms. Refsing ákærða, sem er, eins og í héraðsdómi greinir, hegningarauki við dóm sakadóms Suður-Múlasýslu 9. júní 1983, þykir hæfilega ákveðin 6.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ekki þykir ástæða til að ákveða, að ákærði sæti frekari ökuleyfisviptingu með þessum dómi en gert var með dóminum 9. júní 1983.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 8.000,00 krónur.